

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Eyjafjarðarsveit.

Kotra.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 3. júní 2021 deiliskipulag fyrir þriðja áfanga íbúðarsvæðis í Kotru í landi Syðri-Varðgjár, skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði IB13 í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins og tekur skipulagstillagan til sex nýrra íbúðarlóða auk þess sem fyrri áfangar íbúðarbyggðar í Kotru eru felldir undir hið nýja skipulag.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 23. ágúst 2021.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. september 2021